

Dags: 07.04.2021

Tímabil: Fyrsti ársfjórðungur 2021

(janúar-mars)

Efling - stéttarfélag · Kjaramálasvið

# Ársfjórðungsskýrsla

## Lykiltölur - samskipti

Heimsóknir	0
Tölvupóstar	1.238
Símtöl	3.383

Fækkun varð í innsendum tölvupóstum um tæplega 200 samanborið við síðasta ársfjórðung og var endaleg tala þeirra 1.238. Alls bárust 3.383 símtöl til sviðsins og fjölgaði þeim um 232 miðað við síðasta ársfjórðung. Tölurnar um símtöl og tölvupósta taka aðeins til innhringdra símtala og innsendra tölvupósta.

Kjaramálasvið gat ekki tekið á móti félagsmönnum á skrifstofum félagsins vegna samkomutakmarkana.

## Lykiltölur - launakröfur og erindi

Fjöldi nýskráðra mála	136
Þar af launakröfur	40
Mál afhent lögmönnum	18
Þar af í þrotabú	1
Heildarupphæð launakrafna	27.849.424 kr.
Þar af hjá lögmönnum	13.044.733 kr.
Þar af í þrotabú	287.486 kr.
Innheimtar kröfur af starfsmönnum kjaramálasviðs	3.575.533 kr.
Heildar upphæð greiddrar krafna hjá lögmönnum	31.045.500 kr.
Þar af úr Ábyrgðarsjóði launa	9.483.567 kr.
Fyrirvaralausar uppsagnir, fjöldi mála	3
Fjöldi útsendra bréfa vegna annarra réttindabrota	52

Starfsmenn Kjaramálasviðs tóku að sér að aðstoða Eflingarfélagi við 136 nýskráð mál á tímabilinu sem er 50 færri en á síðasta fjórðungi.

Heildarfjöldi launakrafna var 40 og af þeim var 1 vegna gjaldþrota fyrirtækis.

Talsverð fækkun launakrafna varð á milli síðasta ársfjórðungs 2020 og fyrsta ársfjórðungs 2021 eða um 40%. Ein af skýringum þess er að mikill samdráttur hefur verið í þeim atvinnugreinum sem hafa verið hvað mest á borði sviðsins.

Á sviðinu innheimtust launakröfur fyrir 14 félagsmenn uppá samtals kr. 3.575.533 á fyrsta ársfjórðungi.

Lögmenn félagsins innheimtu samtals 31 milljón krónur fyrir 89 félagsmenn á fyrsta ársfjórðungi 2021. Af þeim voru 38 félagsmenn sem fengu tæpar 9,5 milljónir frá Ábyrgðarsjóði launa vegna gjaldþrota fyrirtækja.

Starfsmenn sendu út 52 bréf til fyrirtækja eða stofnana vegna ýmis konar réttindabrota annarra en launa og fyrirvaralausar uppsagna.

## Fyrirtæki

Rekstraraðilar með fleiri en 5 opnar launakröfur hjá Kjaramálasviði á þessum ársfjórðungi eru þessir:

Nafn	Heiti í fyrirtækjaskrá	Kennitala/tölur	Fjöldi launakrafna	Heildarupphæð launakrafna
X-JB byggingarfélag	X-JB ehf.	700412-0910	7	7.645.544 kr.
Cooking Harmony	Cooking Harmony ehf.	421220-0340	5	2.036.139 kr.
Leikskólinn Vinaminni	Leikskólinn Vinaminni ehf.	500194-2519	5	4.311.040 kr.

Byggingarfyrirtækið X-JB ehf. hefur áður komið við sögu hjá Eflingu. Eru nú 11 virkar kröfur gagnvart fyrirtækinu upp á samtals 13.127.444 kr. Kröfurnar hafa allar verið afhentar lögmönnum Eflingar til frekari innheimtu þar sem enginn viðbrögð bárust frá fyrirtækinu. Lesa má um fyrirtækið og verkin sem það er með í byggingu á [heimasíðu þess](#).

Bakaríð og veislupjónustan [Cooking Harmony](#) er með 7 mál opin. Þar af hafa 5 verið send út í formi launakrafna upp á samtals 2.036.139 kr.

Leikskólinn Vinaminni hefur áður komið við sögu hjá Eflingu með sambærileg mál og nú eru til meðhöndlunar hjá Eflingu. Leikskólinn hækkaði ekki laun í samræmi við ákvæði kjarasamninga um áramótin.

## Athugasemdir:

Kjaramálasvið Eflingar aðstoðaði 136 einstaklinga með formlegum hætti á ársfjórðungnum svo sem með bréfaskriftum fyrir þeirra hönd eða með gerð launakrafna. Af þeim einstaklingum voru 43% af pólskum uppruna og 24% af íslenskum uppruna. Hlutföllin undirstrika vel þá þekktu staðreynd að verkafólk af erlendum uppruna verður frekar fyrir kjarasamningsbrotum en aðrir.

Fækkun launakrafna á fjórðungnum verður að skoðast í samhengi við hrun ferðaþjónustugeirans. Útbreidd vitneskja er að launaþjófnaður og kjarasamningsbrot hafa á undanförunum árum verið mest í ferðaþjónustugeiranum. Fjöldagjaldþrot og hópuppsagnir í ferðaþjónustunni hafa þannig gert þá félagsmenn sem ella hefðu þurft að leita aðstoðar atvinnulausa, og kemur því fækkun launakrafna svo sannarlega ekki til af góðu.

Það kemur á óvart hve hátt meðaltal launakrafna er á síðustu þremur ársfjórðungum, eða frá 730 til 825 þúsund krónur sem er að jafnaði um tveggja mánaða meðallaun Eflingarfélaga. Meðalupphæð launakröfu fer því töluvert hækkandi frá því sem var 2019-2020 en þá var hún nær einum meðal mánaðarlaunum Eflingarfélaga.

Greiðslur bárust loksins með milligöngu lögmanna Eflingar frá Ábyrgðarsjóði launa í málum verkamannanna sem störfuðu hjá starfsmannaleigunni Menn í vinnu (MÍV ehf.) og notendafyrirtækjum þess, þar á meðal Eldum rétt. Þau mál voru 38 talsins.